

Dagskrá Kvæðamannafélagsins Iðunnar vorið 2015

Í vor 2015 verða kvæðalagaæfingar og félagsfundir á þessa leið:

Kvæðalagaæfingar	Félagsfundir
7. janúar	9. janúar
4. febrúar	6. febrúar
11. mars	13. mars
8. apríl	10. apríl
6. maí	8. maí

Vakin er sérstök athygli á því að kvæðalagaæfingin í mars og aðalfundurinn færast til vegna landsmóts kvæðamanna og verður því 11. og 13. mars en ekki 4. og 6. mars. Allir félagsfundir hefjast stundvíslega kl 20:00 og lýkur kl. 22:30. Einnig er vakin athygli á að kvæðalagaæfingar hefjast nú klukkan 19:00. Félagar eru hvattir til að mæta á sem flesta fundi og ekki gleyma æfingunum því þar geta menn kynnst betur innviðum félagsins og sögu. Einnig eru félagar hvattir til að taka með sér gesti, bæði á fundi og æfingar, því fundir Iðunnar eru öllum opinir. Starfsemi félagsins fer fram í Gerðubergi.

Heiðmerkurgleði félagsins verður haldin mánudaginn 15. júní.

Landsmót kvæðamanna

Dagana 6. til 8. mars 2015 verður haldið á Siglufirði landsmót kvæðamannafélaga. Þar verður margt til skemmtunar og fróðleiks, námskeið, rímnakveðskapur, dans, söngur og margt fleira. Stjórnin er þessa dagana að undirbúa hópferð norður á mótið og er hér með auglýst eftir þátttöku. Unnið er að því að hægt verði að bjóða upp á fría rútuferð og jafnvel að gisting á staðnum verði niðurgreidd fyrir Iðunnarfélaga. Áhugasamir hafi samband við stjórnina í tölvupósti á idunn@rimur.is



FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

120. tölublað – 35. árgangur
Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Desember 2014
Ábm: Ragnar Ingi Aðalsteinnsson

Jólahugvekja 2014

Jólin þurfa ekki alltaf að vera nákvæmlega eins en ósköp er það notalegt og þægilegt að halda sig við sama grunnstefið. Stundum bregður þó út af vananum án þess að nokkur hafi nokkra stjórn á því.

Jólaspenningurinn var áþreifanlegur í skólanum, jólaballið, helgileikurinn og öllum í sveitinni boðið. Síðan jólafríð, jólin, fengitíminn og fjárragið allt samfara því.

Og þar sem nemendur yngri deildarinnar og kennarinn höfðu miklar skoðanir á skipan hlutverka í helgileiknum þá var stríð í uppsiglingu. Allir í sveitinni frá 6 ára vita hvernig börnin og lömbin verða til. Því kom það ekki til greina að fá stelpu og strákur til að leika Maríu og Jósep. Sama hvernig sem kennarinn bað 10 ára nemendurna. Tvíburasysturnar í Haga, Númi frá Hreggstöðum og kennarasonurinn neituðu. „En bara að prófa ... eina prufu....einu sinni “. En nei, ekkert lauslæti, tvíburarnir saman eða strákur og strákur, punktur. Niðurstaðan varð að kennarasonurinn og Númi myndu leika „Maríus“ og Jósep.

Tvíburarnir léku tré, engin Óslóartré en tré samt. Þær fóru í kristilega fjölu á fyrstu æfingu og héldu henni staðfastlega út æfingatímabilið.

Hlutverk vitringanna fékk sá einhverfi og óvitarnir tveir. Ég þekki Breiðdæling, Víglund vitring, af því að hann lék þetta hlutverk í helgileik fyrir 43 árum. Áhættan að fá viðurnefni í kjölfar þess að leika vitring í helgileik loðir við enn þann dag í dag. Þess vegna eru einhverfir lang bestir í þetta hlutverk því þeim verður ekki strítt. Þarna fannst kennaranum honum hafa tekist einstaklega vel upp með leikaravalið og óvitarnir bara 4 og 5 ára synir skólastjórans.

Jólahugvekja framhald

Fjárhirðirinn kom frá stærsta fjárbylinu með yfir fimmhundrað hausa á fóðrum. Að vísu dæmalaus hrekkjalómur og faðirinn alræmdur þar sem hann átti ekki heiðarlönd fyrir alla sauði sína. Fjárhirðirinn faldi sig upp á sviði ofan við píanóið í hvarfi frá áhorfendum og beið þess að barnið fæddist svo hann gæti flutt mannkyninu fagnaðarerindið.

Gabriel. Erkiengillinn, það hlutverk fékk Járngerður út á útlitið. Engilfríð, með logagylta englalokka og fléttu niður á rass. Hins vegar stóð hegðun og hátterni Járngerðar fyrir andheiti orðsins engill. Hún lét engan eiga neitt inni hjá sér og var glerhardur nagli. Með Gabriel í fríðu og fiðruðu föruneyti flögruðu nú fjórir englar á bak við píanóið sem var fyrir framan og neðan sviðið. Þar biðu þeir eftir að geta flutt fjárhirðinum fréttina af fæðingu frelsarans sem þá, þegar hér var komið í sögu, var ekki kominn með nafn.

Nú var dúkku stungið undir skikkjuna og þeir, hjónaleysin, lögðu af stað að spyrja ferðabjónustu-bændur í áhorfendahópnum, Guðrúnu í Garðsdal og Helgu á Tjörn um gistingu. En nei, það hafði fækkað svo ferðamönnum strax eftir verslunarmannahelgi. Þær gengu frá í september. Þá var stærsti fjáreigandinn spurður og það var eins og hann hefði skrifað þennan helgileik : „ Ég er búinn að taka á hús svo það er bærilega hlýtt inni í útihúsunum, takið bara innstu króna fjallsmegin og skerið á eina rúllu, það ætti ekki að væsa um ykkur þar“.

Strákarnir, Maríus og Jósef, þökkðu Breiðavíkurbónda fyrir og stilltu sér nú upp á sviðið eins og í hefðbundinni helgimynd af jötunni. Augu allra voru á þeim tveimur strákunum.

Í þann mund að Maríus var að fá fyrstu hríðirnar fluttist athygli áhorfenda mjög skyndilega að píanóinu. Þaðan kom ÞETTA LÍKA ÖSKUR. Fjárhirðirinn hafði togað í fléttuna á Gabriel, sem kom nú úr felum, hentist af stað, uppá sviði á eftir fjárhirðinum sem var sjónarmun á undan. Fjárhirðirinn rakst á Maríus fæðandi Jesúbarnið sem kastaðist úr höndunum á honum inni miðjan áhorfendasalinn og hefur ekki síðan sést. Pappaasninn féll um koll, kýrin rifnaði, jatan datt niður af sviðinu og trén tóku gleði sína á ný. Kennarinn fór út undir bert loft með hendur í vösum. Leikstjórnarmistök, nei, nei, bara ný útgáfa af jólahelgileik sem hefur verið eins í meira en 2000 ár.

Fjárhirðirinn hafði jú togað í fléttuna „ en ekki svona fast“ að eigin sögn.

Magnea Einarsdóttir

Jólavísur

Auglýsinga látlaus list
lamar jólatrúna.
Sveittir við að selja Krist
sýnast flestir núna.

Jólin skrýða skammdegið,
skyggna lýð og hugga.
Ljósinn prýða lífsins svið
léttu víða skugga

Sigmundur Benediktsson

Bráðum jólin bresta á,
börn úr spennu sálgast.
Lambhrútarnir fiðring fá;
fyrsta skiptið nálgast.

Hörðum úr sér höglunum
hrækir rjúpuæta,
birst á svip af böggulunum
börnin rífa og tæta.

Nú er hátíð heims um ból
þótt hann sé leiðigjarn.
Gaman er að geta um jól
glaðlegt lítið barn.

Þórarinn Már Baldursson

Hvergi má nú fifil finna,
fölvu slær á haga,
sárlega ég sakna hinna
sumarbjörtu daga.

Sigrún Haraldsdóttir

Okkur þykir frægð og fremd
fölgja vera í þeirri hremmd
að Þorláksmessuskata skemmd
skaða valdi og tjóni;
góður siður þykir það á Fróni.

Unun þykir ónýtt tros
eiturgufuslor og flos
er sárri -búð oss veldur vos-
venjulega á Fróni
- annars telstu aumingi og dóni.

Ísagrundar æði sólg-
inn má telja sérhvern dólga
í hnoðinn mör og hamsatölg
með hrámyglu og grjóni.
Á morgun verður etinn úldni Skjóni.

Bjarki Karlsson

Jólasveinar stökkva á stjá
stika yfir hjarnið.
Gægjast inn um gluggans skjá
gleðja prúða barnið.

Jólasveinar fjöllum frá
fara og vaða í snjónum.
Krakkar stríðirnir kannski sjá
kartöflur í skónum.

Börn sem orga, berja, slá
bölva, heima í fýlu,
innan tíðar eflaust sjá
opinn kjaft á Grýlu.

Helgi Zimsen